



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu
í tilefni af aldarafmæli
kennaraskóla og fræðslulaga
Borgarleikhúsinu
7. júní 2008**

Virðulegi rektor,
kennarar, starfsfólk, nemendur
og aðrir hátíðargestir.

Þegar kennaraskólinn tók til starfa í útjaðri Reykjavíkur, umleikinn urð og grjóti, bar bærinn enn svipmót fátæktar og erfiðisvinnu. Áhrif nýlenduherranna voru rík, danskur fáni bundinn í landslög.

Fáeinir þúsundir bjuggu í bænum og voru enn að átta sig á að landsmenn höfðu nokkru fyrr fengið ráðherra úr eigin röðum. Samt var reglan áfram sú að Alþingi kom aðeins saman annað hvert ár, nokkrar vikur á miðju sumri.

Byggðin kringum landið var ærið gisin, þorpinn lítil, kaupstaðir fáir, flestir bjuggu upp til sveita; einangrunin hafði um aldir fjötrað athafnir og vonir fólksins.

En þjóðin var að vakna til vitundar um nýja tíma, viljinn til framfara hafði helst í eldi baráttunnar fyrir auknum rétti; sjálfstæðið þó enn fjarlægur draumur.

Umræðan um alþýðufræðslu hafði í áratugi verið á dagskrá þingsins en upp úr aldamótum og í kjölfar heimastjórnar var málið í höfn þótt vestfirskum þingmanni þætti að vísu hæpið að hafa kennaraskólann í Reykjavík; orðrétt „eins og bæjarbragurinn þar er orðinn“ – en Vestfirðingar hafa löngum verið tortryggir á siðgæðið fyrir sunnan.

Kennaraskólinn varð burðarás í framfarasókn þjóðarinnar, grundvöllur að nýjum skilningi á hvernig menntun og menning veita aukinni hagsæld brautargengi. Í hugum þjóðarinnar öflugt fræðslusetur; þungamiðja sem efldi krafta á mörgum sviðum.

Liðsmenn hinnar ungu sveitar sem þar hlaut sína menntun urðu að brautryðjendum um landið allt, færðu nýsköpun og metnað heim í byggðarlögin. Kennararnir tóku sér stöðu í framvarðasveit hinna nýju tíma.

Áherslan á grunnfræðslu almennings varð í árána rás undirstaðan, jarðvegurinn sem gerði menntaskólum, fjölbrautarskólum og háskólum kleift að umbylta íslensku samfélagi á síðari hluta liðinnar aldar.

Saga kennaraskólanna er því samofin sigurgöngu Íslendinga, árangrinum sem ein fátækasta þjóð álfunnar náði á tuttugustu öld, kraftaverkinu sem færði okkur í fremstu röð meðal þjóða heims, gerði eyþjóð í útnorðri kleift að láta að sér kveða í vísindum, listum, viðskiptum, sitja ábyrg við hringborð ákvarðana þar sem ríki veraldar koma saman.

Á þessum tímamótum færi ég fjölmennri sveit sem hér hefur komið að einstæðu verki einlægar þakkir Íslendinga; minni á virðinguna sem borin var fyrir störfum þeirra sem þróuðu kennaraskólann og gerðu honum kleift í tímans rás að verða öflug háskólastofnun, efldu rannsóknir og þekkingarsköpun, tóku í krafti tækninnar upp nýja kennsluhætti sem gerðu námið að hluta óháð stað og stund, breyttu skólanum í sannkallaða landsstofnun með samfellt starf alla daga árið um kring.

Nú blasa enn á ný við vegamót þegar Háskóli Íslands býður Kennaraháskólann velkominn á sinn vettvang og felur honum að bera uppi menntavísindin við æðstu skólastofnun Íslendinga.

Það er táknrænt í ljósi sögu fyrri alda og vísbending um sýn okkar á framtíðina að slík sameining verði á þessum tímamótum.

Krafan um íslenskan háskóla var samofin sjálfstæðisbaráttu 19. aldar og áherslan á öfluga kennaramenntun boðskapur hinnar nýju heimastjórnar. Hugsjónin um sjálfstæðan sess Íslendinga er því arfleifðin sem fylgir báðum háskólunum á braut þeirrar sameiningar sem nú verður viðfangsefnið.

Jafnframt er ljóst að á veraldarvísu mun menntun ráða mestu um farsæld þjóða á nýrri öld; kennsla og rannsóknir verða sá atvinnuvegur sem öllu skiptir; menntavísindi leiðarljósið sem vísar okkur á nýjar lendur.

Samkeppnishæfni þjóða heims og framfarirnar sem færa munu fólkinu aukna hagsæld hvíla fyrst og fremst á gæðum menntunarinnar, allt frá fyrstu árum einstaklings til lokaprófa kynslóðanna.

Þegar Kennaraháskóli Íslands sameinast Háskóla Íslands á aldarafmæli kennaramenntunar og fræðslulaga eru miklar vonir bundnar við ávinninginn sem hin nýja skipan getur fært Íslendingum.

Ábyrgð stjórnenda, prófessora, kennara og starfsfólks alls er því ærin; mælistikurnar eru óvægnar, framundan miklar en heillandi áskoranir.

Þá er gott að hafa í veginesti hugsjónir og lífsstarf þeirra sem á liðinni öld vörðu kröftum sínum til að styrkja kennaramenntun. Í anda þeirra sem ýttu úr vör með áræðið í farteskinu færi ég ykkur hér í dag þakkir þjóðarinnar og áréttu að ykkur fylgja heillaóskir á nýrri vegferð.